



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## AÐ GERA ALLT FRAMÚRSKARANDI VEL

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- HVOR—sigursaga Birtu Aspar Harðardóttur í smásagnasamkeppni grunnskóla Hafnarfjarðar
- Áslandsskóli vissi betur annað árið í röð
- Frábær árangur í upplestri

### GÓÐI segir:



Nemendur Áslandsskóla bera hróður skólans víða.

### Kæru nemendur & foreldrar

Nemendur Áslandsskóla hafa borið hróður skólans víða á yfirstandandi skólaári.

Starf skólastjóra Áslandsskóla er forréttindastarf. Að vinna með, hvetja og styðja við bakið á skapandi og metnaðarfullu starfsfólki.

Ekki síður að upplifa af rakstur faglegs undirbúnings starfsfólksins í hrifandi, einlægri og heillandi framkomu nemenda. Nemenda sem eru tilbúnir að leggja á sig ómælda vinnu til þess að ná framúrskarandi árangri.

Nemendur skólans stóðu sig frábærlega í spurningakeppni grunnskóla Hafnarfjarðar, Veistu betur, sem lauk á dögnum. Úrslitaviðureignina sigraði Áslandsskóli annað árið í röð.

Nemendur skólans stóðu

sig framúrskarandi vel á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin var í Hásölum við Hafnarfjarðarkirkju fyrir nokkrum vikum. Þar áttum við glæsilegan talkór úr 4. bekk, fulltrúa í keppninni sjálfri úr 7. bekk auk þess sem fyrrum nemandi skólans flutti frábæra ræðu.

Nemandi skólans sigraði í smásagnasamkeppni grunnskólanna í Hafnarfirði á dögnum, en viðurkenning fyrir keppnina voru veittar samhliða upplestrarkeppninni.

Nemendur Áslandsskóla stóðu sig virkilega vel í Skólahreysti en keppnin fór fram í Reykjanesbæ rétt fyrir páska.

Hér er fátt eitt upptalið því hægt væri að telja upp ótal afrek, litla sigra sem og stóra, því á hverjum degi vinna nemendur sigra við hin ýmsu viðfangsefni skólastarfsins.

Árangur er ekki sjálfgefinn. Nemendur þurfa að leggja á sig mikla vinnu undir faglegri leiðsögn starfsmanna skólans. Með réttu hugarfari, einbeitingu og vilja að vopni eru flestir vegir færir.

Þá hjálpar mikið til að skólabragurinn í Áslandsskóla hefur verið einstaklega ljúfur í vetur. Nemendur hafa staðið sig afskaplega vel og með virkum hætti. Til að mynda var á dögnum haldin glæsileg árshátíð nemenda í unglingsdeild með glæsilegum skemmtiatriðum og góðum mat.

Framundan er vinnu við skipulag næsta skólaárs, sem raunar er hafin fyrir þó nokkru síðan. Þar tökumst við á við nýja og breytta kennsluhætti. Sannarlega spennandi.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

# HVOR

## -sigursaga í smásagnasamkeppni grunnskóla Hafnarfjarðar— Höfundur: Birta Ösp Harðardóttir

Það er liðið langt fram á kvöld og ég geri mig tilbúna til að fara heim af skrifstofunni. Ég tek töskuna mína og opna dyrnar. Ég sé Sigrúnu hvergi, giska á að ég er seinust að fara. Ég slekk ljósin og tek upp klút úr vasanum og fínþússa skiltið á hurðinni minni. *Vilborg Emma, Geðlæknir*. Ég brosi og sný mér við. Mig bregður svo við að sjá mann í einu sætinu að ég læt frá mér þínu skræk. “Æj, afsakið, ég ætlaði ekki að bregða þér,” Hann stendur upp og tekur í hendina á mér. Brosið hans er hlýtt og ómótstæðilegt. “Ég heiti Alexander, en kallaðu mig bara Alli” Ég reyni að brosa og fela hve mikið mér brá. “Alli, hvernig get ég hjálpað þér?” “Já einmitt.” Hann fer ofan í töskuna sína og tekur fram möppu. “Læknirinn minn benti mér á að koma og hitta þig” Hann er víst sjúklingur. Ég opna hurðina og hann eltir mig inn. Hann tekur af sér köflotta jakkann og hengur hann á snagann í horninu. Hann sest niður á móti mér og ég legg frá mér möppuna sem inniheldur allar upplýsingar um hann. “Svo Alli, hvað get ég gert til að hjálpa þér?” Hann andvarpar eins og honum þyki erfitt að segja það sem þarf að segja. “Ég hef verið að flakka á milli lækna og hef fengið þá greiningu að ég sé með geðklofa. Sjálfur hef ég aldrei upplifað minnis-

leysi eða neitt furðulegt. Og læknirinn minn sagði að þú værir best af þeim bestu.” Satt, ég útskrifaðist hæst í öllum þremur skólum sem ég hef farið í. “Já” segi ég hikandi. “Ég skal skrá niður tíma og við getum hist aftur fljótlega og talað almennilega saman.” Ég lít á klukkuna á veggnum, hún slær hálf ellefu. “Já, takk kærlega fyrir.” Við stöndum upp og hann þakkar mér. Hann gerir sig tilbúin til að opna hurðina en tekur eftir því að ég opna aðra hurð sem leiðir inn í íbúðina mína fyrir ofan. “Ertu ekki að fara heim?” “Jú, ég bý hérna fyrir ofan” Segi ég afsakandi. Ég skammast mín svolítið fyrir að vera há menntaður geðlæknir með heimsins hæstu laun en eiga ekki mína eigin íbúð. Ég finn bara fyrir svo miklu öryggi. Það var ákvörðun föður míns að breyta neðri hæð hússins okkar í skrifstofuna sína. Nú þegar báðir foreldrar mínir eru dánir fæ ég mig ekki til að selja þetta hús. Hann fer út um hurðina og ég geng upp brakandi stigann og stíg inn í íbúðina mína. Ilmurinn af blómunum í glugganum fylla nasirnar mínar. Ég legg töskuna mína frá mér en set möppuna á náttborðið. Ég burstu síðan tennurnar og fer í náttfötin og skrið uppí rúm. Ég set á mig lesgleraugun og opna möppuna. Fjöldi blaða detta úr og það tekur mig smá stund að átta mig á að

Þetta eru ekki upplýsinga skjöl um sjúklinginn minn. Þetta eru rifnar uppskriftir að bananabrauði. Ég skoða mig í gegn og tek eftir litlu krotuðu símanúmeri með nafni fyrir neðan. Ég tek upp símann og hringi. “Halló?” Heyrist í gegnum símann. “Magnús Guðjónsen?” “Já, það er hann.” Röddin var gömul og lúin. “Afsakið truflunina, en ég heiti Vilborg Emma, ég er geðlæknir og var að fá til mín nýjan sjúkling.” Ég heyri ekkert í gegnum símann. “Halló?” “Já, ertu sem sagt búin að fá skjölin?” “Já, hann kom með þau til mín en það eru engar upplýsingar, bara eintómar bananabrauðsuppskriftir” segi ég og hlæ. “Hvað meinaru?” Segir hann harðlega. “Já hann kom til mín áðan?” Ég heyri að hann ræskir sig. “Vilborg, hlustaðu nú á mig. Skjölin áttu að vera send til þín svo þú gætir ákveðið hvort þú værir nógu sterk til að taka við honum. Hann átti alls ekki að koma til þín. Ég veit ekki hvernig hann fann þig en eitt veit ég, að hann elti þig heim.” Ég fann hjartað mitt falla niður í maga. “En ég bý fyrir ofan skrifstofuna mína” “Vilborg, stattu upp, taktu fáa hluti með þér, og gakktu út. Hann hefur greinilega viljandi skipt út upplýsingunum með einhverju sem hann fann á skrifstofunni þinni. Þú verður að vera fljót. Ég skal tala við þig og leiða þig í gegnum þetta.” Ég fann tárin reyna að brjótast í gegn en ég leyfði þeim það ekki. “Afhverju ég?” sagði ég á meðan ég greip bíllyklana. “Það veit ég ekki en eitt sem ég veit er að Daníel er mjög hættulegur maður.

Hann hefur gert allt hræðilegt sem hægt er að hugsa sér. Hann er fíkill og klædist eins og einn, fögur og hljóðlátur.” Ég stoppa í sporunum. “Bíddu, Daníel? Ég þekki engann Daníel.” “Það er hinn persónuleikinn. Þú varst heppin að kynnast Alexandri fyrst.” Ég opna hurðina og læðist niður. “Hefur móttakarinn talað eitthvað við þig um að fá skjöl send?” “Nei, ég heyrði hana ekkert fara í dag” Magnús sagði ekkert. Ég fattaði hvað ég hafði sagt. “Vilborg, ég vil að þú undirbúir þig fyrir hvað þú gætir séð. Ekki kveikja nein ljós” Þegar ég er komin niður stigann geng ég inn í hornið þar sem Sigrún situr alla daga. Ég get ekki haldið tárnum lengur þegar ég sé móta fyrir líkama hennar á gólfinu. “Vilborg” Heyri ég í símanum. Ég brotna niður og renn meðfram veggnum niður á gólf. “Þú verður að halda áfram” Ég nota allan kraftinn í líkamanum mínum í að standa upp. Ég held svo fast um bíllyklana að ég finn þá skera í húð mína. Ég lít í kring og finn hjartað stoppa við að sjá skugga í sófanum. “Hann er hér” hvísla ég. Skugginn snýr sér og ég sé móta fyrir fölt andlit, starandi inni sál mína. Ég missi símann á gólfið og mynda augnsamband við hann og stama. “Alexander” Ég fæ ekkert svar og hvísla svo: “Daníel” Það er liðið langt fram á kvöld og ég er hrædd um að sjá ekki annan dag.

## ÁSLANDSSKÓLI SIGRAÐI Í VEISTU BETUR

Annað árið í röð sigraði lið Áslandsskóla í spurningakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði, Veistu betur.

Lið Áslandsskóla sigraði lið Setbergsskóla í úrslitaleik 31-21 en úrslitaviðureignin fór fram í Hamarssal Flensborgskólans.

Fulltrúar okkar, sem eru vel þjálfaðir af Garðari Guðmundssyni kennara við skólann eru: Ari Sigfússon, Andri Freyr Viðarsson og Birkir Orri Ragnarsson.



## FRÁBÆR FRAMMISTAÐA Í UPPLESTRÍ

Fulltrúar Áslandsskóla stóðu sig frábærlega í Stóru upplestrarkeppninni í Hásölum á dögunum.

Talkór nemenda úr 4. bekk Áslandsskóla opnaði keppnina auk þess sem við áttum tvo glæsilega fulltrúa í keppninni sjálfri, Kötlu Sif Snorradóttur og Thelmu Rós Hálfðánardóttur. Katla Sif hafnaði í öðru sæti.

Samhliða var tilkynnt um verðlaun í smásagnasamkeppni grunnskólanna í Hafnarfirði en þar sigraði Birta Ösp Harðardóttir úr 10. bekk Áslandsskóla.

Auk þessa flutti fyrrum nemandi Áslandsskóla og fulltrúi okkar í upplestrarkeppninni fyrir nokkrum árum, Ásta Margrét Eiríksdóttir, frábæra ræðu.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri